

Dómsmálaráðuneytið  
Samráðsgátt, mál nr. 91/2022

Reykjavík, 7. júlí 2022

**Efni: Umsögn Landssamtaka lífeyrissjóða(LL) um áform um breytingar á skaðabótalögum, mál nr. 91/2022**


Í samráðsgátt stjórnvalda hafa verið birt til umsagnar áform um breytingar á skaðabótalögum. Forsaga málsins er þar rakin og tiltekið að lagt hafi verið fram frumvarp til breytinga á skaðabótalögum á árinu 2018 sem hafi gengið til allsherjar- og menntamálanefndar en ekki fengið frekari afgreiðslu. Leitað hafi verið samráðs ýmissa aðila og gagnrýni komið fram þess efnis að samhliða þeim breytingum sem þá voru lagðar til yrði að endurskoða fleiri þætti og þá einkum framkvæmd örorkumats.

Eru nú birt áform um að örorkunefnd geti auk mats á varanlegum afleiðingum líkamstjóna skv. skaðabótalögum metið varanlega læknisfræðilega örorku skv. slysatryggingum váttryggingafélaga og slysatrygginga ríkis og sveitarfélaga vegna starfsmanna þeirra, auk þess sem örorkunefnd verði heimilt að sinna mati á varanlegri örorku fyrir lífeyrissjóði og slysatryggingum almannatrygginga.

Eins og fyrr greinir var á fyrri stigum málsins leitað samráðs við ýmsa hagsmunaaðila en þó ekki til Landssamtaka lífeyrissjóða. Þau áform að víkka út starfssvið örorkunefndar og heimila nefndinni m.a. að meta starfsorkuskerðingu fyrir lífeyrissjóði kann að nýtast lífeyrissjóðum. Á þessu stigi liggja ekki fyrir nánari útfærslur en vilja LL koma þeirri ósk á framfæri að fá tækifæri til að fylgjast með framgangi málsins og eftir atvikum koma á framfæri athugasemdum þegar drög að frumvarpi liggja fyrir.

Virðingarfyllst,

f.h. Landssamtaka lífeyrissjóða

  
Þórey S. Þórðardóttir, framkvæmdastjóri